



Fjölskyldusvið

Beiðni um ráðgjöf - vegna grunnskóla

Beiðni er vegna: ☐ nemandi ☐ nemendahóps

Nafn barns eða hóps:	Kennitala:	Bekkur/hópur:	Skóli:
Foreldri A:	Kennitala:	Foreldri B:	Kennitala:
Heimilisfang:		Heimilisfang:	
Vinnusími:	GSM:	Vinnusími:	GSM:
Netfang:		Netfang:	
Umsjónarkennari:		Netfang:	
Samþætting: Já _____ Nei _____ 1. stig - tengiliður _____ 2. stig - málstjóri _____ 3. stig - málstjóri _____			

Að hverju beinast áhyggjur?

Hvaða markmið eru með ráðgjöf?



Hvaða íhlutun, þjálfun og/eða sérstuðningur hefur farið fram í skólanum?

Forsjáraðila er kunnugt um vinnslu ofangreindra persónuupplýsinga og að málefni barnsins og fjölskyldu þess séu rædd á nemendaverndarráðsfundi sem haldinn er í grunnskóla barnsins. Nemendaverndarráð er lögbundinn samstarfsvettvangur skóla, skólaþjónustu og heilsugæslu skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1996. Jafnframt heimila foreldrar að aðilar í teyminu afli upplýsinga og veiti þær að því marki sem þykir nauðsynlegt til að vinna að úrlausn mála sem og sendingar gagna í almennum pósti eða tölvupósti ef þess er þörf.

Beiðni útfyllt, dags.

Undirskrift forsjáraðila

Dagsetning

Undirskrift skólastjórnanda/tilvísandi

Dagsetning

Beiðni um ráðgjöf móttækin, dagsetning: _____

af: _____

Vinnsla hjá móttökuteymi fjölskyldusviðs:



Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Árborg, er ábyrgðaraðili vinnslu vegna ráðgjafarbeiðni grunnskóla í þeim tilgangi að meta þörf á sérfræðiþjónustu samkvæmt eða IX. kafla laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaheimild, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Við úrvinnslu beiðinnar er unnið með eftirfarandi upplýsingar: Almennar persónuupplýsingar um barn og foreldra þess, s.s. nöfn heimilisföng, kennitölur, símanúmer og netföng, og kennara barns. Þá er fjallað um annað sem beiðandi greinir frá, s.s. varðandi áhyggjur sem uppi eru af barni og úrræði sem þegar hafa verið reynd. Upplýsinga er aflað frá beiðanda auk þess sem sveitarfélagið sækir grunnupplýsingar um aðila til Þjóðskrár. Þá kann sveitarfélagið að nýta fyrirbyggjandi gögn hjá sveitarfélaginu við úrvinnslu umsóknar.

Sveitarfélagið varðveitir upplýsingar í tengslum við ráðgjafarbeiðni ótímabundið í samræmi við lagaskyldu. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum. Sveitarfélagið gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ.á.m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga í tilvísun er bundið þagnarskyldu.

Sveitarfélagið mun ekki miðla persónuupplýsingum til annarra aðila nema sveitarfélaginu sé það skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa viðkomandi um slíkt.

Einstaklingur kann að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur með í tengslum við ráðgjafarbeiðni. Þá kann einstaklingur að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að fá upplýsingar afhentar. Nánari upplýsingar um þessi réttindi má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar.

Sérstök athygli er vakin á því að ef óánægju gætir varðandi meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum er unnt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins (personuvernd@arborg.is) eða senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

☐ Ég hef kynnt mér ofangreint og er kunnugt um með hvaða hætti Sveitarfélagið Árborg meðhöndli persónuupplýsingar.



Sveitarfélagið Árborg
Fjölskyldusvið | Skólaþjónusta

Trúnaðarmál